

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um eftirlit með framkvæmd frávísana og brottvísana.

Frá Rögnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur eftirliti með framkvæmd frávísana og brottvísana samkvæmt lögum um útlendinga, nr. 80/2016, verið háttað frá árinu 2016? Hver fer nú með eftirlitið?
2. Telur ráðherra þörf á að koma á fót sjálfstæðu eftirlitskerfi með frávísunum og brottvísunum samkvæmt lögum um útlendinga, nr. 80/2016?
3. Stendur til að setja ákvæði um eftirlit með framkvæmd frávísana og brottvísana í reglugerð líkt og kveðið er á um í 8. mgr. 104. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016?

Skriflegt svar óskast.